

Útgefandi

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Ritstjórn

Engilbert Sigurðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkelsson
Magnús Gottfreðsson
Sigurbergur Kárason
Tómas Guðbjartsson
Pórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

Ritstjórnarfulltrúi

Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður og ljósmyndari

Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is

Auglýsingastjóri og ritari

Sígdís Póra Sigþórsdóttir
sigdis@lis.is

Umbrot

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Upplag

1800

Prentun, bókband og pökkun

Prenttækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi



Áskrift

12.900,- m. vsk.
Lausasala
1290,- m. vsk.

© Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirslna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Arna, Jörundur, Katrín, Þorbjörn, Hrönn, Björn og Kristín Huld voru skipulögð og kappsfull á fundinum, en gáfu sér eitt augnablik til að lita framan í myndavélina.


Mönnunarvandi á landsbyggðinni til umræðu

Árlegur formannafundur Læknafélags Íslands var haldinn í húsakynnum LÍ þann 15. apríl. Fundurinn er mikilvægur samráðsvettvangur allra aðildar- og svæðafélaga innan LÍ að sögn formannsins, Þorbjörns Jónssonar. Formenn aðildarfélaganna fluttu skýrslu um starf og viðfangsefni undangengins árs og gerð var grein fyrir starfsemi á vegum nefnda og stofnana innan LÍ. Þorbjörn sagði að í sem stystu máli mætti segja að starfsemin hefði gengið vel á flestum póstum en þó brynnu mönnunarmál á svæðafélagunum á landsbyggðinni. Læknadagar væru traustir í sessi og þátttaka í þeim hefði verið mjög góð undanfarin ár. Orlofshús og íbúðir félagsins nyttu vinsælda og kallaði sá rekstur á talsvert utanumhald af hálfu félagsins.

Fundinn sátu fyrir hönd stjórnar LÍ Þorbjörn Jónsson, Björn Gunnarsson og Tinna H. Arnardóttir. Frá nefndum á vegum LÍ voru mættir þeir Jörundur Kristinsson formaður OSL, Gunnar Bjarni Ragnarsson formaður Fræðslustofnunar LÍ og Engilbert Sigurðsson ritstjóri *Læknablaðsins*. Frá aðildarfélagum LÍ voru mætt Arna Guðmundsdóttir formaður Læknafélags Reykjavíkur, Andrés Magnússon formaður Læknafélags Norðurlands vestra, Hrönn Garðarsdóttir formaður Læknafélags Austurlands, Hjalti Kristjánsson formaður Læknafélags Vestmannaeyja, Kristín Huld Haraldsdóttir formaður SKÍ og Tinna H. Arnardóttir formaður FAL. Aðrir gestir fundarins voru Katrín Fjeldsted formaður CPME, Sólveig Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri LÍ, Dögg Pálsdóttir lögfræðingur LÍ og Védís Skarphéðinsdóttir ritstjórnarfulltrúi *Læknablaðsins*.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Bjarni H. Þórarinnsson (f. 1947) er kunnur fyrir verk sem byggja á hugmyndafæðilegum grunni. Lengst af hefur hann fengið við teikningar en jafnframt ljósmyndir hin síðustu ár. Verk Bjarna byggjast á kerfum og þeirra viðamest eru Vísirósir hans. Þar beinir listamaðurinn sjónum að möguleikum tungumálsins í orðsifjafræðilegum afleiðum, rími og beygingum. Orðabendurnar mynda hringform eða eins konar mandölu. Í nýlegum ljósmyndaverkum, svo kölluðum Donnetum, beinir hann myndavélinni með reglulegum hætti í ólíkar áttir og þegar myndunum er raðað saman kemur fram sjónrænn taktur. Þá hefur Bjarni velt fyrir sér skáklistinni og því kerfi sem þar um ræðir. Myndin á forsiðu *Læknablaðsins* er úr seríu teikninga frá árinu 2012 sem kallast Skákbendur. Verkið samanstendur í heild sinni af ólíkum teikningum sem hver lýsir einni skák í frægasta skákeinvígi sögunnar. Hver teikning sýnir reiti skákborðsins og er hreyfingu skákmanna lýst með teikningu og texta sem



flæða um yfirborðið. Í einvíginu tókust á fulltrúar risaveldanna á tímum kalda stríðsins, Bandaríkjamadurinn Bobby Fischer og sovéski heimsmeistarinn Boris Spassky. Viðburðurinn hófst í Laugardalshöllinni 1. júlí árið 1972 og eftir yfir 20 skákir var ljóst að Fischer stóð uppi sem nýr heimsmeistari. Skákirnar voru mislangar og -flóknar og kemur það fram í teikningum Bjarna sem eru allt frá því að vera þéttfíð net leikja og mótleikja yfir í algjörlega autt skákborð. Ekkert varð af einni skák þegar Fischer mætti ekki til leiks til að mótmæla því að ekki var orðið við öllum séróskum hans um uppstillingu og aðbúnað. Skákeinvígið er mörgum í fersku minni og einkum eftirleikurinn, þegar Fischer fékk landvistarleyfi hér á landi og fluttist hingað búferlum skömmu áður en hann lést árið 2008. Hann var jarðsettur að Laugardælum í Flóa, rétt austan við Selfoss.

Markús Þór Andrésson